

Dags. 17.02.2021

**Nefndasvið Alþingis**

**B.t. atvinnuveganefndar**

**Austurstræti 8-10**

**150 Reykjavík**



**Umsögn um þingsályktunar tillögu 42/151 um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.**

Samtök um dýravelferð á Íslandi gera athugasemdir við eftirfarandi atriði:

**Aðgerð 9:** „Eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði við eftirlitið létt af greininni“

Samtökin eru mótfallin þessari aðgerð ef að á einhvern hátt eigi að túlka hana sem svo að hún komi niður á eftirliti. Það talar gegn dýravelferð að skerða það eftirlit sem þegar er til staðar. Að mati samtakanna ætti frekar að auka eftirlit þar sem það tryggir betur velferð þeirra dýra sem notuð eru til manneldis.

Fram hefur komið í skýrslum um MAST að stofnunin sinnir engan veginn lögbundnu eftirlitshlutverki sínu. Sé mönnum einhver alvara með betri gæðum, sjálfbærari nýtingu og betri nýtingu opinbers fjármagns t.d. eins og fram kemur í samningi um sauðfjarrækt, er lykilatriði að matvælaframleiðendur hafi þétt aðhald, bæði í formi ráðgjafar og til rammasetningar við landnotkun, meðferð dýra og sjálfbærni. Í því felst allra hagar.

**Aðgerð 18:** „Stutt verði við hrossarækt og hún eflid til að nýta þau tækifæri sem þar liggja, m.a. til aukins útflutnings á lifandi hrossum og til nýtingar merarblóðs í lyfjaframleiðslu.“

Nýting merablóðs til lyfjaframleiðslu er iðnaður sem gengur út á það að taka óhóflegt magn úr ótömdum fylfullum merum til þess að vinna úr blóði þeirra frjósemislyf sem m.a. er notað til þess að hámarka svínakjötsframleiðslu í verksmiðjum erlendis við hörmulegar aðstæður. Við blóðtökuna eru merar reknar inn í þrönga bása, mýldar og höfuðið bundið upp í þvingaða stöðu. Þær eru bundnar fastar, stungnar með staðdeyfilyfi og í kjölfarið stungnar með nál sem er 0.5 cm í þvermál í bláæð hálsins og 5 lítrar fjarlægðir beint úr æðakerfi þeirra eða 15-20% af heildarblóðrúmmáli. Á meðan eru þær aðskildar folaldi sínu með tilheyrandi vanlíðan. Þetta ferli endurtekur sig vikulega í allt að 8 skipti. Þar með eru fjarlægðir allt að 40 lítrar yfir 8 vikna tímabil í spendýri sem hefur 25-30 lítra af heildarblóðrúmmáli. Ætla má að það sé gríðarlegt álag fyrir fylfulla mjólkandi meri að vinna upp þetta mikla blóðtap. Evrópuþing hefur lýst yfir andstöðu gegn viðskiptum með frjósemislyfinu (PMSG) með meirihluta atkvæða. Samtökin fordæma blóðmerahald á grundvelli dýravelferðarsjónarmiða.

Lagaleg álitæfni varðandi blóðmerahald og blóðtöku eru knýjandi. Í 13. gr. reglugerðar um hestahald 910/2104 er óheimilt að framkvæma aðrar aðgerðir á

hestum aðrar en þær sem þjóna læknisfræðilegum tilgangi. Læknisfræðilegur tilgangur er greining, meðhöndlun og lækning, veikinda, sjúkdóma og áverka, ávallt sjúklingnum í hag. Blóðtaka í iðnaðarskyni til lyfjaframleiðslu er stórt inngríp í heilbrigði hestsins og fellur utan þeirra heimilda sem dýralæknar hafa til læknisverka sinna skv. 13. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Í sömu reglugerð er í 4.gr. mælt svo fyrir að umsjónamaður hrossahalds skuli tilkynna fyrirætlun sína að halda merar til blóðtöku, til MAST. Innra lagalegt misræmi reglugerðarinnar er slíkt að nauðsynlegt er að fá úr því skorið hvort lagaleg heimild dýralækna sé til staðar til þessa læknisverks.

Af gögnum MAST er óljóst hvort stofnunin fellir blóðtöku og blóðmerahald undir gildissvið reglugerðar um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni nr. 460/2017. Eins og haldið er á spilunum við blóðmerahald gengur það hrossahald í bága við nokkrar greinar þessarar reglugerðar. Í 10. gr. er tekið fram að ekki skuli nota lifandi dýr, *“ef önnur aðferð eða prófunaráætlun, til að ná fram þeim niðurstöðum sem sóst er eftir, sem felur ekki í sér notkun á lifandi dýri, er viðurkennd.”* Til er syntetísk aðferð til framleiðslu á hormónalyfi sem nær sama markmiði og merablóðshormón. Af þeirri ástæðu einni saman gengur merablóðsiðnaður í bága við þessa reglugerð.

Þá er tiltekið í IV. kafla reglugerðarinnar hvers konar dýr megi nota í tilraunaskyni. Almennast er ætlast til þess að dýr sem notuð eru í tilraunaskyni séu sérstaklega ræktuð og haldin í þeim tilgangi. Hátti svo til að eingöngu sé hægt að nota húsdýr, skal MAST veita sérstakar undanþágur, enda standi heilbrigðisrök til þess að dýrin skuli nota. Sé ætlunin að fella blóðmerahald undir fyrrnefnda reglugerð, leggjast þær kvaðir á bæði bændur og lyfjaframleiðslufyrirtæki að leggja fram ítarlegar skýrslur sem skulu vera aðgengilegar almenningi um meðferð, heilbrigði og ástand hvers einasta dýrs, sem notað er í þessu skyni.

Uns úr því fæst skorið hver er eiginlegur lagagrunnur og lagaleg staða þessa merahalds, er einboðið að þessi 18. liður falli niður.

**Aðgerð 19:** *„Framtíð loðdýraræktar verði tryggð, t.d. með útflutningsábyrgðum, fóðurstyrkjum og sérstökum framkvæmdalánum.“*

Loðdýrarækt hefur ekkert með matvælaframleiðslu að gera. Þessi iðnaður er vægast sagt umdeildur um heim allan og löngu orðið tímabært að Ísland fylgi fordæmi margra landa. Austurríki, Bretland, Króatía, Noregur, Slóvenía, Bosnía og Herzegóvína, Serbía, Makedónía og fleiri ríki hafa lagt niður loðdýrarækt. Það er fráleitt að styrkja þennan iðnað sem á engan hátt getur talist sjálfbær og brýtur gegn gildandi lögum um dýravelferð. Margir fatahönnuðir hafa hætt að nota loðfeld í framleiðslu og hönnun sinni, má þar nefna Armani, Calvin Klein, Gucci, Hugo Boss, Michael Kohrs, Ralph Lauren, Tom Ford, Tommy Hilfiger, Versace og Vivienne Westwood. Það að þessi búgrein sem rekin hefur með tapi hafi fengið styrki frá ríkinu upp á hundruðir milljóna s.l. ár er óskiljanlegt.

Loðdýrarækt er dæmi um verksmiðjubúskap í sinni verstu mynd. Loðdýrarækt fellur undir lög 55/2013 um almenna velferð dýra. Í 1. gr. laganna er markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt. Loðdýr í vírnetsbúrum eru

eins fjarri sínu eðlilega umhverfi og hugsast getur. Þessi 19. liður hvetur til dýrahalds sem gengur þvert gegn markmiðum grundvallarlaga um dýravelferð. Þessi liður skal því falla niður.

### **Grænmetisrækt til manneidis**

Það er ámælisvert hversu litla áherslu innlend grænmetisrækt til manneidis fær í tillögu þessari. Rétt væri að styðja betur við slíka ræktun. Sérstaklega í ljósi þess að hópur þeirra Íslendinga sem kjósa að sneiða hjá eða minnka neyslu sína á dýraafurðum vegna umhverfis-, dýravelferðar- og heilsufarslegra sjónarmiða fer sífellt stækkandi. **Staðreyndarvillu má finna í tillögunni um að verksmiðjubúskapur sé ekki stundaður á Íslandi.** Það er nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd og beita sér fyrir þeirri varhugaverðri þróun í innlendri matvælaframleiðslu eggja, kjúklinga og svínakjöts sem tilheyrir verksmiðjuframleiðslu reyna snúa búskapnum í átt að náttúrulegri umgjörð.

*Virðingarfyllst,*

*sjórn Samtaka um Dýravelferð á Íslandi*

*Birta Flókadóttir*

*Ejörn M. Sigurjónsson*

*Meike Witt*

*Ólafur Róbert Rafnsson*

*Rósa Líf Darradóttir*